



Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu



---

# Ársskýrsla

Starfsárið 2024-2025

---



## Efnisyfirlit

|                                                                 |    |
|-----------------------------------------------------------------|----|
| Ávarp stjórnarformanns.....                                     | 2  |
| Aðalfundur SFV 2025 .....                                       | 3  |
| Stefnumótunarfundur SFV 2025 .....                              | 3  |
| Stjórn Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu 2024-2025 .....   | 4  |
| Skrifstofa og starfsfólk SFV.....                               | 5  |
| Aðildarfélag SFV 2024-2025 .....                                | 6  |
| Fundargerð aðalfundar SFV 2024 .....                            | 7  |
| Molar úr starfi SFV starfsárið 2024-2025 .....                  | 9  |
| Núgildandi lög SFV .....                                        | 12 |
| Fundarboð aðalfundar 2025 .....                                 | 16 |
| Tillögur að lagabreytingum lagðar fram á aðalfundi 2025 .....   | 17 |
| Ársreikningur Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu 2024 ..... | 20 |

## Ávarp stjórnarformanns

---

Að baki er viðburðaríkt ár í starfsemi SFV og aðildarfélaganna. Samtökin hafa átt við umfangsmikil og flókin verkefni sem stækka með hverju ári. Náðst hefur góður árangur í ýmsum málum en í öðrum málum er enn framundan vinna til að ná fram markmiðum samtakanna.

Einn mikilvægasti hluti starfs samtakanna er að standa fyrir hagsmuni aðildarfélaganna og þjónustuþega þeirra í samskiptum við stjórnvöld og Alþingi. Þetta felur í sér umsagnir og eftirfylgni þingmála og mála í Samráðsgátt stjórnvalda, setu í starfshópum og nefndum á vettvangi stjórnvalda, tillögugerð til stjórnvalda og almenn hagsmunagæsla. Á þessu sviði hefur árið verið viðburðaríkt og SFV komið að stórum málum sem breyta munu miklu í starfsumhverfi aðildarféлага samtakanna, eins og t.d. breytingum á færni- og heilsumati, vinnu við að skilgreina rétta þjónustu á réttum stað, húsnæðismálum endurhæfingarstofnana og nýrri framtíðarsýn fyrir dagdvalir landsins. Þar kom út á árinu, með þátttöku SFV, tímamótaskýrsla stjórnvalda þar sem lagt var til að stórefla dagdvalirnar, m.a. með leiðréttingu á fjárveitingum til þeirra og almennt úrbótum á starfsumhverfi þeirra.

Á þessu ári var þó klárlega stærsta þróunin á þessu sviði Alþingiskosningar og myndun nýrrar ríkisstjórnar. Í aðdraganda kosninganna fundaði SFV með framboðum og tók upp og dreifði myndböndum af frambjóðendum að fjalla um málefnasvið samtakanna. Þau fengu góða dreifingu og var sérstaklega jákvætt að finna mikinn velvilja í garð samtakanna, aðildarfélaganna og þjónustu þeirra.

Eitt stærsta baráttumál samtakanna undanfarin ár hefur verið að ná því fram að þau aðildarfélög samtakanna sem koma með húsnæði inn í þjónustu sína, fái greiddar fullar leigugreiðslur frá ríkinu fyrir það, í þeim tilgangi að tryggja fullnægjandi viðhald og uppbyggingu húsnæðis. Það mál var langt komið hjá síðustu ríkisstjórn og hvetja samtökin nú nýja ríkisstjórn til að halda þeirri mikilvægu vegferð áfram – og klára málið!

Árið einkenndist einnig af mikilli vinnu í kjaramálum. Þar voru lausir kjarasamningar við alla viðsemjendur samtakanna. Mikil vinna fór í samningaviðræður við stéttarfélögin og náðist jákvæð niðurstaða í samningum við flesta viðsemjendur okkar. Þá fór fram ýmis önnur vinna tengd kjarasamningum og almennt kjaraumhverfi samtakanna. Hér þarf þó að nefna að kjaramál samtakanna gagnvart Eflingu stéttarfélagi eru enn óleyst, en Efling sagði nýlega upp kjarasamningum við samtökin og er nú verið að vinna úr þeirri stöðu.

Á vettvangi samtakanna fer einnig fram mikilvægt innra starf, sem vilji stjórnar stendur til að efla á næstu árum. Þar má t.d. segja frá öflugu starfi fagráðs hjúkrunarstjórnenda og samstarfi aðildarfélaganna við eflingu íslenskukennslu á hjúkrunarheimilum. Þar unnu samtökin byggt á nýjum samning við félags- og húsnæðismálaráðuneytið að spennandi verkefni sem vonandi mun skila miklu í þjónustu aðildarfélaganna.

Þá er gaman að geta sagt frá því að SFV gengu á árinu bæði Landsamband heilbrigðisstofnana og í Evrópusamtök öldrunarþjónustunnar – European Ageing Network (EAN). Forsvarsfólk EAN hefur beðið mig um að koma á framfæri góðum kveðjum til aðildarféлага samtakanna og því hversu velkomin SFV eru í samtökin.

Þegar ég horfi yfir árið sé ég marga hápunkta í starfinu, í raun fleiri en pláss er fyrir að nefna í þessu stutta ávarpi mínu. Þar minni ég á að greinagóða yfirferð yfir starfið má finna í nýrri ársskýrslu samtakanna.

Að síðustu vil ég þakka fyrir þann velvilja sem samtökin hafa fundið fyrir frá stjórnvöldum á starfsárinu, bæði fyrri og núverandi ríkisstjórn.

Að allra síðustu þá vil ég þakka starfsfólki SFV fyrir frábær störf á árinu 2024, með öllum þeim vaxtaverkjum sem fylgir stækkandi hagsmunafélagi.

***María Fjóra Harðardóttir,**  
stjórnarformaður SFV*

## Aðalfundur SFV 2025

---

Mánudaginn 28. apríl 2024 kl. 13:00, haldinn í Bragganum Nauthólsvík, Nauthólsvegi 100, Reykjavík.

### Dagskrá:

Hefðbundin aðalfundarstörf samkvæmt lögum SFV

Önnur mál

## Stefnumótunarfundur SFV 2025

---

Að loknum aðalfundarstörfum verður efnt til stefnumótunarfundar aðildarféлага SFV, hefst fundur kl. 14:30. Farið verður yfir hvaða forgangsröðun aðildarfélagar SFV vilja sjá í verkefnum samtakanna og áherslumál í þeim verkefnum. Boðið verður upp á léttar veitingar.

# Stjórn Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu 2024-2025

---

**MARÍA FJÓLA HARÐARDÓTTIR**

**FORMAÐUR**

Hrafnistuheimilin

[maria.hardardottir@hrafnista.is](mailto:maria.hardardottir@hrafnista.is)

Vinnusími: 585 9500

**ÁSGERÐUR TH. BJÖRNSDÓTTIR**

**MEÐSTJÓRNANDI**

SÁÁ

[asgerdur@saa.is](mailto:asgerdur@saa.is)

Vinnusími: 530 7600

**EYBJÖRG HELGA HAUKSDÓTTIR**

**MEÐSTJÓRNANDI**

Eir, Hamrar og Skjól

[eybjorg@eir.is](mailto:eybjorg@eir.is)

Vinnusími: 522 5780

**HALLA THORODDSEN**

**MEÐSTJÓRNANDI**

Sóltún öldrunarþjónusta ehf. (Sólvangur hjúkrunarheimili og Sóltún Heima)

[halla@solvangur.is](mailto:halla@solvangur.is)

Vinnusími: 590 6591

**KARL ÓTTAR EINARSSON**

**MEÐSTJÓRNANDI / VARAFORMAÐUR**

Grundarheimilin (Grund, Mörk og Ás)

[karl.ottar@grund.is](mailto:karl.ottar@grund.is)

Vinnusími: 5306171

**KJARTAN KJARTANSSON**

**MEÐSTJÓRNANDI**

Höfði, hjúkrunar- og dvalarheimili

[kjartan@dvalarheimili.is](mailto:kjartan@dvalarheimili.is)

Vinnusími: 433 4302

**PÉTUR MAGNÚSSON**

**MEÐSTJÓRNANDI**

Reykjalundur

[petur@reykjalundur.is](mailto:petur@reykjalundur.is)

Vinnusími: 585 2000



## Skrifstofa og starfsfólk SFV

---

Skrifstofa Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu er á Hafnartorgi, Kalkofnsvegi 2, 101 Reykjavík.

SIGURJÓN NORBERG KJÆRNESTED

FRAMKVÆMDASTJÓRI

[sigurjon@samtok.is](mailto:sigurjon@samtok.is)

GSM: 783 8114 / Vinnusími: 5 600 200

GUNNHILDUR ERLA KRISTJÁNSDÓTTIR

AÐSTOÐARFRAMKVÆMDASTJÓRI / LÖGFRÆÐINGUR

[gunnhildur@samtok.is](mailto:gunnhildur@samtok.is)

Vinnusími: 5 600 201

HEIÐA BJÖRK VIGNISDÓTTIR

LÖGFRÆÐINGUR

[heida@samtok.is](mailto:heida@samtok.is)

Vinnusími: 5 600 202

KARL SIGURÐSSON

GREINANDI

[karl@samtok.is](mailto:karl@samtok.is)

Vinnusími: 5 600 204

LOVÍSA ÁRNADÓTTIR

ALMANNATENGSL

[lovisa@samtok.is](mailto:lovisa@samtok.is)

## Aðildarfélag SFV 2024-2025

---

|                                                    |                                                                 |                                                       |
|----------------------------------------------------|-----------------------------------------------------------------|-------------------------------------------------------|
| Alzheimersamtökin, Reykjavík                       | Hlíðabær, Reykjavík                                             | Lundur, hjúkrunar- og dvalarheimili, Hellu            |
| Andrastaðir, Kjalarnesi                            | Hornbrekka, hjúkrunar- og dvalarheimili, Fjallabyggð            | Ljósið, endurhæfingar- og stuðningsmiðstöð, Reykjavík |
| Ás, dvalar- og hjúkrunarheimili, Hveragerði        | Hrafnista Boðarþing, Kópavogi                                   | MS Setrið, Reykjavík                                  |
| Brákarhlíð, hjúkrunar- og dvalarheimili, Borgarnes | Hrafnista Hlévangur, Reykjanesbæ                                | Múlabær, Reykjavík                                    |
| Dalbær, heimili aldraðra, Dalvík                   | Hrafnista Hraunvangur, Hafnarfirði                              | Mörk hjúkrunarheimili, Reykjavík                      |
| Droplaugarstaðir, hjúkrunarheimili, Reykjavík      | Hrafnista Ísafold, Garðabæ                                      | Naust, dvalar- og hjúkrunarheimili, Þórshöfn          |
| Dvalarheimilið Fellaskjól, Grundarfirði            | Hrafnista Laugarás, Reykjavík                                   | Reykjalundur, endurhæfing, Mosfellsbæ                 |
| Eir hjúkrunarheimili, Reykjavík                    | Hrafnista Nesvellir, Reykjanesbæ                                | Samhjálp, Reykjavík                                   |
| Fellsendi, hjúkrunarheimili, Dalabyggð             | Hrafnista Skógarbæ, Reykjavík                                   | SÁÁ, Reykjavík                                        |
| Grenilundur, hjúkrunarheimili, Grenivík            | Hrafnista Sléttuvegi, Reykjavík                                 | Seljahlíð, hjúkrunarheimili, Reykjavík                |
| Grund, dvalar- og hjúkrunarheimili, Reykjavík      | Höfði, hjúkrunar- og dvalarheimili, Akranesi                    | Skjól, hjúkrunarheimili, Reykjavík                    |
| Hamrar hjúkrunarheimili ehf., Mosfellsbæ           | Jaðar, hjúkrunar- og dvalarheimili, Ólafsvík                    | Sólheimar ses.                                        |
| Heilsustofnun NLFÍ, Hveragerði                     | Kirkjuhovoll, hjúkrunar- og dvalarheimili, Hvolsvelli           | Sóltún öldrunarþjónusta, Reykjavík                    |
| Heilsuvernd hjúkrunarheimili, Akureyri             | Kjarkur endurhæfing, Reykjavík                                  | Sóltún, hjúkrunarheimili, Reykjavík                   |
| Heilsuvernd, Vífilsstaðir                          | Klausturhólar, hjúkrunar- og dvalarheimili, Kirkjubæjarklaustri | Sólvellir, heimili aldraðra, Eyrarbakka               |
| Hjallatún, hjúkrunarheimili, Mýrdalshreppi         | Krýsuvíkursamtökin, Hafnarfirði                                 | Vigdísarholt, Kópavogi                                |

# Fundargerð aðalfundar SFV 2024

---

Fundargerð aðalfundar Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu

Dags. 18. apríl kl. 13:00

Staðsetning: Hjúkrunarheimilið Skjól, samkomusalur

Glærukynning aðalfundar er fylgigagn með fundargerð þessari.

**Fulltrúar frá eftirfarandi aðildarfélögum eru mættir á fundinn:** Andrastaðir, Dalbær, Droplaugarstaðir, Eir, Hramrar, Skjól, Grundarheimilin, Heilsuvernd, HNLFI, Hrafnista, Höfði, Kjarkur endurhæfing, MS setrið, Reykjalundur, SÁÁ, Sóltún, Sólvangur, Sólvellir, Vígðísarholt, starfsmenn SFV (Heiða Björk Vignisdóttir og Karl Sigurðsson) og framkvæmdastjóri SFV (Sigurjón Norberg Kjærnested).

Nokkur aðildarfélög tengdust fundinum í gegnum fjarfundarbúnað, þ.e. Brákarhlíð, Fellsendi, Kirkjuhovoll og Klausturhólar.

## Dagskrá fundar:

- María Fjola formaður stjórnar SFV fer yfir dagskrá fundarins.

## Kosning fundarstjóra og fundarritara:

- Lagt er til að Gísli Páll verði fundarstjóri og Heiða Björk Vignisdóttir fundarritari. Samþykkt samhljóma.

## Fundarstjórn:

- Gísli Páll fer yfir löglega boðun fundar skv. reglum félagsins ásamt öðrum atriðum er snýr að fundinum. Ekki er gerð athugasemd við að til fundarins væri löglega boðað.

## Skýrsla stjórnar:

- María Fjola flytur skýrslu stjórnar.

## Ársreikningur samtakanna lagður fram til samþykktar:

- Sigurjón Norberg framkvæmdastjóri SFV fer yfir helstu tölur, reikningur var sendur út til aðildarfélaga mánudaginn 15. apríl með fundargögnum fundarins.
- Ársreikningurinn kynntur. Helstu niðurstöður hans voru:
  - Hagnaður ársins: 3.453.002 m.kr.
  - Eignir: 48.811.701 m.kr.
  - Eigið fé: 23.913.166 m.kr.
  - Eigið fé og skuldir samtals: 48.811.701 m.kr.
  - Hækkun á handbæru fé: 3.745.714 m.kr.
  - Handbært fé í árslok: 47,8 m.kr.
- Ársreikningurinn er lagður fyrir fundinn og samþykktur samhljóma.

## Lagabreytingar:

Fundarstjóri kynnir lagabreytingartillögu frá Droplaugarstöðum sem barst stjórn SFV þann 28. febrúar og var því uppfyllt ákvæði 12. gr. laga SFV um lagabreytingar. Sú tillaga var send með fundarboði aðalfundar 11. mars sl. og var þannig sömuleiðis uppfyllt ákvæði 12. gr. laga SFV.

Fundarstjóri úrskurðar að lagabreytingartillagan hafi verið löglega fram lögð.

Jórunni Frímannsdóttur er boðið upp í pontu að kynna lagabreytingartillöguna fyrir hönd Fagráðs hjúkrunar í SFV. Stjórn barst svo breytingartillaga við umrædda lagabreytingartillögu. Var sú tillaga lögð sameiginlega fram af stjórn SFV og Droplaugarstöðum, sem lögðu fram upphaflega tillögu.

María Fjola Harðardóttir kynnir svo breytingartillögu stjórnar SFV við breytingartillögu Droplaugarstaða.

Breytingartillaga stjórnar samþykkt samhljóma.

Lagabreytingar SFV samþykktar samhljóma.

#### Kosning formanns:

- María Fjóra býður sig fram til formanns að nýju. Samþykkt með lófaklappi.

#### Kosning annarra stjórnarmanna:

- Kjörtímabil þriggja stjórnarmanna útrunnið, Ásgerðar Björnsdóttur hjá SÁÁ, Höllu Thoroddsen hjá Sólvangi og Karls Óttars Einarssonar hjá Grundarheimilum.
- Þau bjóða sig fram til áframhaldandi stjórnarsetu.
- Samþykkt með lófaklappi.

#### Kosning tveggja skoðunarmanna:

- Anna Birna Jensdóttir og Ingibjörg Ólafsdóttir höfðu lýst yfir vilja til að vera áfram skoðunarmenn reikninga.
- Listi tveggja skoðunarmanna er lagður í heild sinni fyrir fundinn og samþykktur samhljóma með lófaklappi.

#### Ákvörðun forsenda árgjalda:

- Sigurjón fer yfir forsendur árgjalda og hvernig þeim er skipt niður.
  - Almenn aðildargjöld: voru 41,2 m.kr. og fara upp í 45 m.kr.
  - Aðildargjöld vegna kjaranefndar: voru 21,3 m.kr. og fara upp í 23,4 m.kr.
  - Aðildargjald vegna persónuverndarverkefnis: var 17,5 m.kr. og fer upp í 19,3 m.kr.
  - Viðbótargjald hjúkrunarheimila: var 16,3 m.kr. og fer upp í 17,9 m.kr.
  - Samtals: 106 m.kr. , 10% hækkun á hvern lið
- Forsendur árgjalda eru lagðar fyrir fundinn og samþykktar samhljóma.
- Sigurjón fer yfir stóru mál ársins
  - Stórir kjarasamningar framundan.
  - Þjónustusamningar hjúkrunarheimila og fleiri þjónustusamningar annarra aðildarféлага.
  - Húsnæðismál hjúkrunarheimila og endurhæfingar .
  - Síðar dagdvalir og svo önnur aðildarfélög okkar sem falla ekki undir hina liðina.
  - Fjárlög.
  - Þingmál.
  - Kosningabarátta framundan.
  - Uppbygging samtakanna í PR málum, innri vinnu, fundir, efla ráð og hópa.
- Fyrirspurnir úr sal:
  - Hver var hækkunin frá síðasta ári? 11,9%, þá var verið að bæta við starfsmanni sem og verðbólga.
  - Hve margir starfsmenn eru hjá SFV? Samtals 6 starfsmenn, 2 í hlutastarfi í verktakavinnu.
  - Er beintenging við hækkun þjónustugjalda við aðildargjöld? Hefur tíðkast, en þegar viðbótargjald hjúkrunarheimila kom inn þá var það að tillögu Bjarka frá Brákarhlið og SFV samdi um hækkun á gjaldinu í framhaldi af Gylfaskýrslunni. Viðbótargjald til hjúkrunarheimila ákvarðast þannig að hlutfall af því kom til hækkunar. Stjórn reynir að hafa þetta í samhengi. Í ár var horft á forsendur fjárlaga og almennar launahækkunar og verðbólgu. Umfram því sem nemur þessum starfsmannakostnaði.

Forsendur hækkana samþykktar samhljóma.

#### Önnur mál:

- Ályktun aðalfundar sem Sigurjón flytur.
  - Ályktun er samþykkt samhljóma.
- Ályktun um húsnæðismál og leigugreiðslur, Karl Óttar flytur.
  - Ályktun samþykkt samhljóma

María Fjóra slítur fundi kl. 13.48

# Molar úr starfi SFV starfsárið 2024-2025

---

Hér fylgja nokkrir molar úr starfi samtakanna á starfsárinu. Hér er engan veginn ætlunin að vera með tæmandi upptalningu á starfinu, frekar létt mynd af nokkru af því helsta.

## Nýir aðildarfélagar, stjórn og starfsfólk

Á árinu gengu Krýsuvíkursamtökin til liðs við SFV og eru þau boðin hjartanlega velkomin í samtökin. Töluverður áhugi er hjá ýmsum aðilum um aðild að samtökunum og hafa samtökin fengið fyrirspurnir þess efnis, stefnumótun varðandi aðild að SFV til framtíðar er á dagskrá stefnumótunarfundar samtakanna sem haldin verður á sama degi og aðalfundur 2025.

Breytingar urðu á starfsliði samtakanna, en á starfsárinu lét Tryggvi Friðjónsson af störfum sem formaður samninganefndar SFV & ráðgjafi SFV í kjaramálum. Honum eru sérstaklega þökkuð framúrskarandi störf fyrir samtökin á árinu.

## Samstarf við stjórnvöld og Alþingi

Samstarf við stjórnvöld var margþætt á starfsárinu og fjöldi erinda sendur til stjórnvalda og fundað með stjórnvöldum og þingi um ýmis mál. Þannig sendu SFV inn umsagnir um bæði þingmál og mál í samráðsgátt stjórnvalda. Þá áttu SFV fulltrúa í ýmsum starfshópum á vegum ríkisins.

Þá var sérlega mikil vinna unnin vegna fjárlaga ársins 2024, unnið var að greiningum og erindum til stjórnvalda og fundað oft með fulltrúum stjórnvalda og stjórn mála. Þar var ánægjulegt að sjá þær breytingar sem gerðar voru á fjárlagafrumvarpinu í meðförum Alþingis þar sem tillit var tekið til margra tillagna og athugasemda SFV.

## Undirbúningur að nýjum þjónustusamningum dagdvala

Áfram var unnið að samningaviðræðum við Sjúkratryggingar Íslands, um heildar þjónustusamninga fyrir dagdvalir. Þær samningaviðræður strönduðu fyrir nokkrum árum, en mat SFV er að velvilji sé til staðar hjá stjórnvöldum í garð dagdvala og að nú sé tækifæri til þess að koma rekstri þeirra í fastara og öruggara form. Erindi það og almennur undirbúningur fyrir væntanlegar samningaviðræður var áfram unninn á vettvangi stýrihóps SFV og Sambands íslenskra sveitarfélaga um málefni dagdvala.

## Samninganefnd Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu

Skipan nefndarinnar í apríl 2025:

### Formaður:

Sigurjón Norberg Kjærnested, framkvæmdastjóri SFV, en hann tók við sem formaður nefndarinnar af Tryggva Friðjónssyni sem gegndi því hlutverki fyrri hluta starfsársins.

### Aðrir nefndarmenn:

Guðbjörg Gunnarsdóttir, Reykjalundur

Heiða Björk Vignisdóttir, SFV

Helga Sigurðardóttir, ESH

Jakobína Hólmfríður Árnadóttir, Hrafnista

Karl Óttar Einarsson, Grundarheimilin

Kjartan Kjartansson, Höfði hjúkrunarheimili

Matthías Orri Sigurðarson, Eir, Skjól og Hamrar

Sigríður Sigurðardóttir, Grundarheimilin

Helstu verkefni nefndarinnar eru gerð kjarasamninga og sameiginlegra stofnanasamninga við stéttarfélög á grundvelli umboðs frá aðildarfélögum innan SFV. Auk þess er nefndin ráðgefandi í ýmsum álitamálum er kunna að rísa varðandi kjaramál og vinnurétt.

Árið einkenndist af mikilli vinnu við kjaraviðræður vegna allra þeirra kjarasamninga sem runnu út í upphafi árs. Nefndin undirritaði fjölmarga kjarasamninga í umboði aðildarfélaga SFV sem gilda til 2028. Í lok árs átti enn eftir að semja við örfá félög og mun þeim viðræðum ljúka snemma árs 2025.

Önnur verkefni nefndarinnar eru gerð viðræðuáætlana við stéttarfélög og undirbúningur gagnaöflunarskjals í samvinnu við greinanda SFV. Óskað var eftir verkfallslistum frá aðildarfélögum eða nógildandi listar staðfestir til áframhaldandi birtingar á heimasíðu samtakanna. Árið hefur verið annasamt fyrir nefndina og á nefndin bestu þakkir skilið fyrir vel unnin störf í þágu aðildarfélaga SFV.

## Persónuverndarverkefni SFV

Gunnhildur Erla Kristjánsdóttir og Heiða Björk Vignisdóttir, lögfræðingar hjá SFV, sinna hlutverki persónuverndarfulltrúa þeirra aðildarfélaga SFV sem þá þjónustu þiggja. Þær hafa eftirlit með málum og veita ráðgjöf og fræðslu á sviði persónuverndar.

Ljóst er að stjórnendur og starfsmenn félaga sem starfa við velferðar- og heilbrigðisþjónustu bera mikla ábyrgð við vinnslu persónuupplýsinga, ekki síst vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga. Með tilkomu almennu persónuverndarreglugerðarinnar og innleiðingu hennar í íslensk lög var ábyrgð þeirra sem vinna með persónuupplýsingar aukin og viðurlög við ófullnægjandi öryggisráðstöfunum hert til muna. Sú þróun sem hefur átt sér stað í tækniheiminum síðustu misserin auka enn frekar á mikilvægi þess að huga vel að persónuverndarmálum og upplýsingaöryggi. Fyrirséð er að reglur um upplýsingaöryggi verða hertar enn frekar innan tíðar og ábyrgð stjórnenda færðar í aukana.

Aðildarfélög SFV eru mjög meðvituð um þessi mál og hefur verið ánægjulegt að fylgjast með og fá að taka þátt í þeirri þróun sem átt sér hefur stað hjá mörgum félögum. Upplýsingaöryggismál hafa verið tekin föstum tókum, upplýsingaöryggisnefndir stofnaðar sem funda reglulega, frávík skráð og af þeim lært, grettistaki verið lyft í meðhöndlun persónuupplýsinga og reglulegri fræðslu til starfsfólks komið á laggirnar.

Persónuvernd og upplýsingaöryggi er eilífdarverkefni sem er stöðugt í endurskoðun. Mikilvægt er að huga sífellt að net- og upplýsingaöryggi og viðhafa skipulags- og tæknilegar ráðstafanir til að tryggja öryggi upplýsinga. Mikilvægi þess að innan heilbrigðisstofnanna sé öflugt innra starf sem snýr að persónuvernd og upplýsingaöryggi færist sífellt í aukana. Persónuverndarfulltrúi getur gegnt lykilhlutverki í að aðstoða heilbrigðisstofnanir við að stuðla að öryggisvitund meðal starfsmanna og veita alhliða ráðgjöf um gott verklag við meðhöndlun á persónuupplýsingum en jafnframt ber að taka fram að lagaskylda hvílir á heilbrigðisstofnunum að tilnefna persónuverndarfulltrúa.

## Umsagnir við lagafrumvörp

Lögfræðingur SFV fylgist grannt með allri vinnu við frumvörp og þingsályktunartillögur, enda er mikilvægt að koma að slíkum málum snemma í ferlinu. Ef verið er að smíða regluverk sem varðar aðildarfélög SFV leitum við til okkar aðildarfélaga og fáum þeirra afstöðu til málsins. Ef það er mat SFV að þörf sé á að skila inn umsögn er leitast við að koma okkar sjónarmiðum á framfæri ásamt tillögum að breytingum/úrbótum. Þetta fyrirkomulag hefur gefið mjög góða raun og erum við afar þakklát stjórnvöldum fyrir að hlusta og taka tillit til okkar skoðana. Nauðsynlegt er að leitað sé til hagsmunaaðila þegar setja á ný lög og reglur, enda þekkir enginn betur til en þeir sem vinna í því umhverfi sem lögin taka til. Með þessu móti má smíða regluverk sem nær markmiði sínu og tilgangi. SFV hefur náð góðum árangri og skilað fjölmörgum umsögnum inn á síðastliðnu ári.

## Greiningar og tölfraði

Margs konar greiningar voru unnar á árinu 2024 til að undirbyggja betur starf SFV og til að svara upplýsingabeiðnum stjórnvalda.

Greiningarvinna tengd kjarasamningum var eðlilega mjög fyrirferðarmikil á árinu. Aflað var upplýsinga frá öllum aðildarfélögum í kjaraaðild um laun og aðra launatengda þætti þess starfsfólks sem var í þeim stéttarfélögum sem SFV átti í kjarasamningsviðræðum við. Þessar upplýsingar voru nýttar til að leggja mat á kostnaðarauka af þeim kjarasamningum sem unnið var að á árinu og hvaða svigrúm væri til staðar við kjarasamningsgerð.

Mest vinna fór í greiningar tengdar samningum við Eflingu og Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga. Samningar við Eflingu kröfðust viðbótar gagnaöflunar og greininga tengdar mönnun á hjúkrunarheimilum og fleiri þátta. Í samningum við hjúkrunarfræðinga var unnið með greiningar tengdar vörpun yfir í nýja launatöflu og nýja grunnröðun í samræmi við samninga hjúkrunarfræðinga við ríkið.

Greiningar tengdar jöfnun launa milli markaða (JLMM) tengdust ofangreindu og fólust í að ná samningum við ríkið um viðbótarfjármagn vegna JLMM í gegnum daggjöld og aðrar greiðslur til aðildarfélaga, sem og að leggja mat á leiðir til að flétta útdeilingu þess fjármagns inn í kjarasamninga.

Greiningarvinna sem tengist samskiptum við stjórnvöldum vegna samninga af ýmsu tagi og hagsmunagæslu almennt var einnig fyrirferðarmikil á árinu. Þar má nefna greiningarvinnu vegna samningaviðræðna við SÍ og stjórnvöld um að styrkja rekstrargrunn dagdvala, en ásættanleg niðurstaða náðist í þær viðræður í byrjun árs 2025. Allmikil greiningarvinna var líkt og fyrri ár unnin í tengslum við gerð umsagna um fjárlög og fjármálaáætlun, auk greininga sem tengjast gerð þjónustusamninga aðildarfélaga við SÍ. Þá má nefna greiningar vegna breytinga á fyrirkomulagi við sjúkraflutninga og tryggingamál hjúkrunarheimila og fleiri smærri og tilfallandi greiningarverkefni.

Unnið var með einstökum aðildarfélögum að greiningum sem tengjast þeirra starfi og samningum þeirra við stjórnvöld og áfram voru unnar greiningar á þjónustubörf við aldraða á komandi árum tengt fjölgun aldraðra og fleiri almennar greiningar tengdar.

## Samskipti við fjölmiðla og önnur almannatengsl

Stefna samtakanna er að vera leiðandi aðili í allri umfjöllun um heilbrigðisþjónustu. Samtökin vilja því sýna frumkvæði í samskiptum við fjölmiðla og vera sýnileg, til dæmis með greinaskrifum og viðburðahaldi. Þannig byggir SFV upp traust almennings, haghafa, stjórnmalanna og fjölmiðla. Áfram er lögð áhersla á að koma sjónarmiðum geirans á framfæri í fjölmiðlum á jákvæðan og uppbyggilegan hátt og mikil áhersla lögð á að vera viðbúin ýmis konar umfjöllun í þeim málum sem SFV kemur að. Þetta hefur gefist vel og reglulega er leitað til SFV að fyrri bragði þegar kemur að umfjöllun um heilbrigðismál.

Málþing um fjölbreytt rekstrarform í velferðarþjónustu, sem haldið var í kjölfar aðalfundar 2024, var ákaflega vel heppnað og vel sótt.

Aðildarfyrirtæki SFV leituðu reglulega til samtakanna á árinu til að fá ráðgjöf hvað varðar almannatengsl, greinaskrif og aðstoð við fjölmiðlaumfjallanir. Slík aðstoð færir sýnilegt í aukana, enda talsvert virði í því falið.

Í aðdraganda kosninga bauð SFV fulltrúum allra flokka í framboði í heimsókn, kynnti áherslur og bauð frambjóðendum að segja frá stefnu flokks síns í heilbrigðismálum. Svör þeirra voru svo klippt saman í 16 myndbönd og þeim dreift á samfélagsmiðlum og heimasíðu SFV og fengu gott áhorf.

## Starfs- og vinnuhópar og innra starf

Sem fyrr var mikill kraftur í innra starfi SFV á árinu. Ber þar helst að nefna hina fjölmörgu starfs- og bakhópa sem settir voru á laggirnar í tengslum við ýmis verkefni á sviði kjaramála, sérhæfðra verkefna stjórnvalda og önnur mál. Ómetanleg þátttaka og vinna fulltrúa aðildarfélaga í því starfi er lykilþáttur í þeirri velgengni sem náðst hefur í samskiptum og samstarfi við stjórnvöld. Er starfsfólki aðildarfélaganna færðar bestu þakkir fyrir þá vinnu. Þá er vert að nefna öflugt starf fagráðs hjúkrunarstjórnenda sem og samstarfsverkefni aðildarfélaganna við eflingu íslenskukennslu á hjúkrunarheimilum, en verkefnið byggir á nýlegum samningi við félags- og húsnaðismálaráðuneytið.

## 1. gr.

### Nafn, heimili og varnarþing.

Nafn samtakanna er Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu, skammstafað SFV. Heimili og varnarþing er í Reykjavík.

## 2. gr.

### Tilgangur

Tilgangur samtakanna er að:

- Efla samstarf aðildarfélaga, standa vörð um hagsmuni þeirra og vinna að bættum starfsskilyrðum.
- Sinna skilgreindum verkefnum hverju sinni, svo sem kjara- og persónuverndarmálum, þar á meðal að annast gerð kjarasamninga við stéttarfélög eftir umboði frá aðildarfélögum hverju sinni.
- Stuðla að árangursríku samstarfi við stjórnvöld, sveitarfélög, félagasamtök og aðra þá aðila sem hagsmuna eiga að gæta.
- Að koma á framfæri við stjórnvöld og almenning afstöðu samtakanna til mála er varða hagsmuni aðildarfélaga og fylgja þeim fram.
- Að gangast fyrir upplýsinga- og fræðslustarfsemi m.a. í því skyni að stuðla að framförum og hagræðingu í starfsemi og rekstri aðildarfélaga.

## 3. gr.

### Aðild að SFV.

Aðild að samtökunum geta átt fyrirtæki, félög og/eða samtök sem starfa við velferðarþjónustu á Íslandi.

Sveitarfélagi er heimilt að sækja um aðild að samtökunum, fyrir hönd tiltekinnar rekstrareiningar innan sveitafélagsins, þrátt fyrir að sá rekstur hafi ekki verið aðskilinn frá annarri starfsemi sveitarfélagsins með formlegum hætti.

Umsókn um aðild að SFV skal senda skriflega til stjórnar samtakanna. Inntökubeiðni telst samþykkt ef meirihluti stjórnar samþykkir hana. Skjóta má ákvörðun um synjun á inntökubeiðni til aðalfundar eða félagsfundar.

## 4. gr.

### Árgjöld.

Aðalfundur ákveður forsendur árgjalda til samtakanna. Árgjöld skulu taka mið af stærð og rekstrarumfangi stofnana. Árgjöldin skulu vera tvískipt og samanstanda annars vegar af grunngjaldi að samtökunum og hins vegar hlutfallsgjaldi sem tekur mið af veltu.

Hlutfallsgjald skal taka mið af tekjum aðildarfélags næstliðins árs vegna velferðarþjónustu, sem greidd er af ríkinu (eða sveitarfélögum ef sveitarfélög bera ábyrgð á þjónustunni) auk hlutdeildar sjúklings / heimilismanns í greiðslum, sem hið opinbera hefur ákvarðað. Ef hlutfallsgjaldið er ekki talið gefa rétta mynd af umfangi starfsemi aðildarfélags er hægt að ákvarða aðildargjald sérstaklega í samræmi við verklagsreglur sem stjórn setur.

Fjárhæð grunngjalds og hlutfallsgjalds getur verið misjöfn milli einstakra hópa aðildarfélaga innan samtakanna (t.d. hjá hjúkrunarheimilum og öðrum aðildarfélögum).

Þrátt fyrir framangreint er heimilt að taka ákveðna þjónustubætti samtakanna og fjármagna sérstaklega.

Nýtt aðildarfélag greiðir aðildargjöld frá þeim degi sem aðild þess að samtökunum er samþykkt af stjórn. Aðild að samtökunum skal sagt upp með 6 mánaða fyrirvara (talið frá næstu mánaðamótum eftir að uppsögn berst) og aðildargjöld greidd út uppsagnarfrestinn.

Aðildarfélög bera ekki fjárhagslega ábyrgð á skuldbindingum samtakanna, nema hafa sérstaklega undirgengist slíka ábyrgð með samningi.

## **5. gr. Stjórn.**

Stjórn samtakanna skal skipuð 7 fulltrúum aðildarfélaganna. Formaður skal kosinn sérstaklega á aðalfundi til tveggja ára í senn, aðrir stjórnarmenn skulu einnig kosnir til tveggja ára í senn. Á hverju ári skal kjósa þrjá stjórnarmenn á aðalfundi samtakanna svo stjórnarmenn gangi ekki allir úr stjórn sama árið. Láti stjórnarmaður af embætti áður en tveggja ára tímabili lýkur er heimilt að kjósa nýjan í hans stað á aðalfundi og situr sá út kjörtímabil þess sem lætur af störfum.

## **6. gr. Stjórnarfundir.**

Á fyrsta fundi eftir aðalfund kýs stjórn úr sínum hópi varaformann stjórnar samtakanna.

Stjórn skal tilnefna formann samninganefndar samtakanna.

Stjórn fundar reglulega og skal formaður leggja til tímasetningu funda stjórnar. Þó er skylt að halda stjórnarfund ef 3 eða fleiri stjórnarmenn óska eftir því.

Áheyrnarfulltrúa frá Fagráði hjúkrunar samtakanna (sjá 8. gr.) skal boðið inn á stjórnarfund þrisvar sinnum á ári þar sem farið verður yfir þau faglegu mál sem eru í gangi hverju sinni á vettvangi samtakanna. Þá getur Fagráð hjúkrunar lagt til mál til umræðu á þeim stjórnarfundum. Áheyrnarfulltrúinn er bundinn sömu þagnarskyldu og stjórnarmeðlimir. Hann hefur málfrelsi og tillögurétt en ekki kosningarrétt á stjórnarfundum.

## **7. gr. Hlutverk og ábyrgð stjórnar**

Stjórn SFV fer með fjármál, framkvæmdir og önnur málefni samtakanna og sér um að skipulag og starfsemi þeirra sé jafnan í réttu og góðu horfi.

Stjórn ræður framkvæmdastjóra SFV til að stýra starfseminni.

Stjórnin skal sjá um að eftirlit sé haft með bókhaldi og fjárreiðum samtakanna og ræður löggiltan endurskoðanda.

## **8. gr. Fagráð hjúkrunar**

Innan SFV skal vera starfandi samstarfsvettvangur hjúkrunarstjórnenda hjá aðildarfélögum samtakanna. Hjúkrunarstjórnendur hjá öllum aðildarfélögum samtakanna eiga rétt á að taka þátt í starfi fagráðsins. Fagráðið kýs sér árlega formann. Hlutverk fagráðsins er eftirfarandi:

- Efla fagþróun og gæði í starfsemi aðildarfélaganna SFV
- Hafa frumkvæði að og vera vettvangur faglegrar umræðu um hjúkrun hjá aðildarfélögum SFV
- Vera stjórn SVF til ráðgjafar og álits um mikilvægar faglegar ákvarðanir, m.a. með því að taka til umfjöllunar/umsagnar fagleg málefni
- Koma upplýsingum frá stjórn á framfæri til forsvarsmanna hjúkrunar innan aðildarfélaganna
- Standa fyrir fræðslu um fagleg málefni fyrir aðildarfélög samtakanna

## **9. gr. Rekstur samtakanna**

Framkvæmdastjóri SFV annast daglegan rekstur samtakanna og skal fara eftir þeirri stefnu og fyrirmælum sem stjórnin setur honum. Óvenjulegar, mikilvægar og stefnumarkandi ákvarðanir skal ævinlega leggja fyrir stjórn til ákvörðunar. Framkvæmdastjóri skal sitja stjórnarfundum, nema annað sé sérstaklega ákveðið og hefur hann þar málfrelsi og tillögurétt.

Framkvæmdastjóri er heimilt að ráða starfsmenn samkvæmt samþykki stjórnar og/eða kaupa sérfræðiþjónustu, til sértækra tímabundinna verkefna, enda séu þau unnin í þágu meirihluta aðildarfélaganna.

## **10. gr. Reikningar.**

Reikningsár samtakanna er almanaksárið.

Frumeintak ársreiknings, undirritað af stjórn, framkvæmdastjóra, endurskoðanda og skoðunarmönnum skal lagt fyrir aðalfund til samþykktar.

## **11. gr. Aðalfundur.**

Aðalfund samtakanna skal halda árlega, fyrir lok aprílmánaðar.

Rétt til setu á aðalfundi eiga formaður stjórnar og forstjóri/framkvæmdastjóri aðildarfélaga, eða fulltrúar þeirra.

Aðalfundarboð skal sent félögum með minnst tveggja vikna fyrirvara. Sending fundarboðs á póstlista SFV með rafrænum hætti (tölvupósti) telst fullnægjandi.

Á dagskrá aðalfundar er eftirfarandi:

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara.
2. Skýrsla stjórnar.
3. Ársreikningur samtakanna lagður fram til samþykktar.
4. Lagabreytingar
5. Kosning formanns
6. Kosning annarra stjórnarmanna
7. Kosning tveggja skoðunarmanna
8. Ákvörðun forsenda árgjalda
9. Önnur mál

Á dagskrá aðalfundar má taka, sem sérstök atriði, tillögur og mál, sem berast í hendur stjórnarmanna minnst einni viku fyrir aðalfund.

Hvert fyrirtæki fer með atkvæðismagn á fundum samtakanna í samræmi við greidd aðildargjöld til samtakanna samkvæmt síðasta starfsári. Vægi atkvæða skal vera með eftirfarandi hætti:

- Aðildarfélag með tekjur að fjárhæð kr. 0 – 500.000.000 hefur 1 atkvæði.
- Aðildarfélag með tekjur að fjárhæð kr. 500.000.001 – 1.500.000.000 hefur 2 atkvæði.
- Aðildarfélag með tekjur að fjárhæð kr. 1.500.000.001 eða meira hefur 3 atkvæði.

Meirihluti atkvæða, skv. ofangreindri reiknireglu, ræður úrslitum mála.

Þegar kosið er til stjórnar ræður hlutkesti kjöri, þegar atkvæði falla jafnt.

Kosning stjórnar skal vera skrifleg, sé þess óskað.

## **12. gr. Félagsfundir.**

Stjórnin skal boða til a.m.k. tveggja almennra félagsfunda á milli aðalfunda. Almennir félagsfundir eru að jafnaði opnir stjórnnum aðildarfélaga og starfsfólki þeirra.

Boða skal til funda með að lágmarki tveggja daga fyrirvara. Halda skal félagsfund ef þriðjungur aðildarfélaga óska eftir því.

**13. gr.**  
**Lagabreytingar.**

Lögum þessum verður eigi breytt nema á lögmætum aðalfundi. Heimilt er þó á aðalfundi eða framhaldsaðalfundi að vísa lagabreytingum til allsherjaratkvæðagreiðslu allra aðildarfélaga SFV.

Öll aðildarfélög geta lagt fram tillögu að lagabreytingum og skulu tillögur berast stjórn félagsins fyrir lok febrúar. Á aðalfundi er eingöngu heimilt að gera breytingartillögur við þær lagabreytingartillögur sem fylgdu fundarboði aðalfundar. Aðrar breytingartillögur verða ekki teknar fyrir. Tillögur til breytinga á lögum félagsins skulu fylgja með boðun aðalfundar.

Til þess að lagabreyting nái fram að ganga verður hún að vera samþykkt með 2/3 hlutum greiddra atkvæða, sbr. 11.gr. hér að ofan varðandi vægi atkvæða.

**14. gr.**  
**Slit samtakanna.**

Ákvörðun um slit samtakanna eða samruna þeirra við önnur samtök eða félög verður ekki samþykkt nema 2/3 allra aðildarfélaga SFV samþykki það, sbr. 11.gr. hér að ofan varðandi vægi atkvæða.

Verði tillaga um slit samtakanna samþykkt skal boðað til sérstaks félagsslitafundar sem tekur ákvörðun um ráðstöfun eigna og greiðslu skulda. Ákvörðun um ráðstöfun eigna og greiðslu skulda skal samþykkt með 2/3 greiddra atkvæða, sbr. 11. gr. hér að ofan varðandi vægi atkvæða.

---

Lög þessi voru samþykkt með nýjustu breytingum á aðalfundi SFV haldinn 18. apríl 2024.

# Fundarboð aðalfundar 2025

---

Sent með tölvubréfi þann 11. apríl 2025



Boðað er til aðalfundar Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu mánudaginn 28. apríl nk. kl. 13.00. Fundurinn verður haldinn í Bragganum, Nauthólsvík, Nauthólsvegi 100, Reykjavík.

Fundarefni samanber lög félagsins er sem hér segir:

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara
2. Skýrsla stjórnar
3. Ársreikningur samtakanna lagður fram til samþykktar
4. Lagabreytingar
5. Kosning formanns
6. Kosning annarra stjórnarmanna
7. Kosning tveggja skoðunarmanna
8. Ákvörðun forsenda árgjalda
9. Önnur mál

Að loknum aðalfundarstörfum verður efnt til stefnumótunarfundar aðildarfélagar SFV. Sá fundur hefst kl. 14:30. Þar verður m.a. farið yfir hvaða forgangsörðun aðildarfélagar SFV vilja sjá í verkefnum samtakanna og áherslumál í þeim verkefnum. Boðið verður upp á léttar veitingar milli funda og eftir stefnumótunarfundinn.

Að teknu tilliti til fundarrýmis hefur stjórn SFV ákveðið að takmarka fjölda fulltrúa hvers aðildarfélags á stefnumótunarfundinn við þrjá einstaklinga. Þeir eru einnig velkomnir að sitja aðalfundinn, en vekjum þó athygli á að formlegur atkvæðaréttur á fundinum er í höndum þess forsvarsmanns félagsins sem situr aðalfundinn, í samræmi við 11. gr. laga SFV.

Vinsamlegast er óskað eftir að fá staðfestingu á móttöku þessa fundarboðs og upplýsingar um hverjir munu mæta á aðalfundinn og stefnumótunarfundinn með skráningu hér: <https://forms.office.com/e/5HA0xJPP0P>. Athugið að við óskum vinsamlegast eftir sérstakri skráningu fyrir hvern fulltrúa aðildarfélagsins sem mætir á fundinn.

Þau sem hafa áhuga á að bjóða sig fram til stjórnarsetu eru hvött til að senda tölvupóst þess efnis á netfangið [sigurjon@samtok.is](mailto:sigurjon@samtok.is).

## Breyting á 6. grein. Stjórnarfundir. (2. mgr. fellur brott)

### 6. grein var:

#### 6. gr. Stjórnarfundir.

Á fyrsta fundi eftir aðalfund kýs stjórn úr sínum hópi varaformann stjórnar samtakanna.

Stjórn skal tilnefna formann samninganefndar samtakanna.

Stjórn fundar reglulega og skal formaður leggja til tímasetningu funda stjórnar. Þó er skylt að halda stjórnarfund ef 3 eða fleiri stjórnarmenn óska eftir því.

Áheyrnarfulltrúa frá Fagráði hjúkrunar samtakanna (sjá 8. gr.) skal boðið inn á stjórnarfund þrisvar sinnum á ári þar sem farið verður yfir þau faglegu mál sem eru í gangi hverju sinni á vettvangi samtakanna. Þá getur Fagráð hjúkrunar lagt til mál til umræðu á þeim stjórnarfundum. Áheyrnarfulltrúinn er bundinn sömu þagnarskyldu og stjórnarmeðlimir. Hann hefur málfrelsi og tillögurétt en ekki kosningarrétt á stjórnarfundum.

### 6. grein verður:

#### 6. gr. Stjórnarfundir.

Á fyrsta fundi eftir aðalfund kýs stjórn úr sínum hópi varaformann stjórnar samtakanna.

Stjórn fundar reglulega og skal formaður leggja til tímasetningu funda stjórnar. Þó er skylt að halda stjórnarfund ef 3 eða fleiri stjórnarmenn óska eftir því.

Áheyrnarfulltrúa frá Fagráði hjúkrunar samtakanna (sjá 8. gr.) skal boðið inn á stjórnarfund þrisvar sinnum á ári þar sem farið verður yfir þau faglegu mál sem eru í gangi hverju sinni á vettvangi samtakanna. Þá getur Fagráð hjúkrunar lagt til mál til umræðu á þeim stjórnarfundum. Áheyrnarfulltrúinn er bundinn sömu þagnarskyldu og stjórnarmeðlimir. Hann hefur málfrelsi og tillögurétt en ekki kosningarrétt á stjórnarfundum.

## Breyting á 7. grein. Hlutverk og ábyrgð stjórnar.

### 7. grein var:

#### 7. gr.

##### Hlutverk og ábyrgð stjórnar

Stjórn SFV fer með fjármál, framkvæmdir og önnur málefni samtakanna og sér um að skipulag og starfsemi þeirra sé jafnan í réttu og góðu horfi.

Stjórn ræður framkvæmdastjóra SFV til að stýra starfseminni.

Stjórnin skal sjá um að eftirlit sé haft með bókhaldi og fjárreiðum samtakanna og ræður löggiltan endurskoðanda.

### 7. grein verður:

#### 7. gr.

##### Hlutverk og ábyrgð stjórnar

Stjórn SFV fer með fjármál, framkvæmdir og önnur málefni samtakanna og sér um að skipulag og starfsemi þeirra sé jafnan í réttu og góðu horfi.

Stjórn ræður framkvæmdastjóra SFV til að stýra starfseminni.

Stjórnin skal sjá um að eftirlit sé haft með bókhaldi og fjárreiðum samtakanna og ræður löggiltan endurskoðanda.

Að öðru leyti vísast til starfsreglna stjórnar.

## Breyting á 12. grein. Félagsfundir

### 12. grein var:

#### 12. gr.

##### Félagsfundir.

Stjórnin skal boða til a.m.k. tveggja almennra félagsfunda á milli aðalfunda. Almennir félagsfundir eru að jafnaði opnir stjórnnum aðildarfélaga og starfsfólki þeirra.

Boða skal til funda með að lágmarki tveggja daga fyrirvara. Halda skal félagsfund ef þriðjungur aðildarfélaga óska eftir því.

### 12. grein verður:

#### 12. gr.

##### Félagsfundir.

Stjórnin skal boða til a.m.k. tveggja félagsfunda árlega.

Boða skal til funda með að lágmarki tveggja daga fyrirvara. Halda skal félagsfund ef þriðjungur aðildarfélaga óska eftir því.

## Ný grein um siðareglur og siðanefnd

### 14. gr

#### Siðareglur og siðanefnd

Siðareglur fyrir SFV og starfsreglur siðanefndar SFV skulu samþykktar á aðalfundi samtakanna. Um breytingar á þeim reglum gilda sömu ákvæði og um lagabreytingar sbr. 13. grein.

Núverandi 14. grein verður þá 15. grein.

## Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu

### Ársreikningur 2024

Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu  
Kalkofnsvegi 2  
101 Reykjavík  
Kt. 560502-6720

## Efnisyfirlit

---

|                                                      |   |
|------------------------------------------------------|---|
| Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra ..... | 3 |
| Áritun endurskoðanda .....                           | 4 |
| Áritun skoðunarmanna .....                           | 5 |
| Rekstrarreikningur .....                             | 6 |
| Efnahagsreikningur .....                             | 7 |
| Sjóðstreymisyfirlit .....                            | 8 |
| Skýringar .....                                      | 9 |

## Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Markmið Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu er að efla samstarf aðildarfélaga, standa vörð um hagsmuni þeirra og vinna að bættum starfsskilyrðum.

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og íslenskar reikningsskilavenjur.

Samkvæmt rekstrarreikningi nam tap af rekstri 6,5 millj. kr. á árinu 2024. Elgið fé í árslok samkvæmt efnahagsreikningi nam 17,4 millj. kr. Stöðugildi voru 4 að meðaltali á árinu.

Það er álit stjórnar félagsins að allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu samtakanna í árslok, rekstrarárangri á árinu og fjárhagslegri þróun félagsins, komi fram í ársreikningnum.

Stjórn og framkvæmdastjóri Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu staðfesta hér með ársreikning samtakanna fyrir árið 2024 með undirritun sinni. Stjórn og framkvæmdastjóri leggja til við aðalfund að samþykka ársreikninginn.

Reykjavík, 11. apríl 2025.

Stjórn:

Maria Hjörleif Harðard  
Karólfur Guðsson  
Eybjörg H. Hauksd.  
Vilmur Vilmur

Pjetur Magnússon  
Andri M. Guðmundsson  
Halla Þorodds  
Sigríður Norberg Kjörnestall

Framkvæmdastjóri:

## Áritun endurskoðanda

---

Til stjórnar Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu

Við höfum veitt faglega aðstoð við gerð ársreiknings Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu fyrir árið 2024 byggt á þeim upplýsingum sem stjórnendur félagsins hafa lagt fram. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Við höfum skipulagt og hagað vinnu okkar í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRS 4410, sem fjallar um faglega aðstoð við gerð ársreiknings.

Við höfum notað faglega þekkingu okkar á sviði reikningsskila og ársreikningagerðar til að aðstoða samtökin við að leggja fram ársreikning í samræmi við lög um ársreikninga. Við höfum fylgt fyrirmælum siðareglna, þar á meðal grundvallarreglunum um heilindi, hlutlægni og faglega hæfni og varkárni.

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Ársreikningurinn er byggður á bókhaldi félagsins og öðrum upplýsingum stjórnenda samtakanna.

Þar sem fagleg aðstoð við gerð ársreiknings er ekki staðfestingarverkefni er þess ekki krafist af okkur að staðfesta nákvæmni eða heild þeirra upplýsinga sem stjórnendur hafa lagt fram. Þar af leiðandi veitum við hvorki álit byggt á endurskoðun né ályktun byggða á könnun um hvort ársreikningurinn sé gerður í samræmi við lög um ársreikninga.

Reykjavík, 11. apríl 2025.

*Advant endurskoðun ehf.*



Sveinn Reynisson  
endurskoðandi

## Áritun skoðunarmanna

---

Við undirritaður, félagskjörnir skoðunarmenn Samtala fyrirtækja í velferðarþjónustu höfum yfirfarið ársreikning samtakana fyrir árið sem endar 31. desember 2024 og leggjum til að hann verði samþykktur.

Reykjavík, 11. apríl 2025.

Skoðunarmenn:

*Ingridhildur Ólafsdóttir*  
*Anna Birna Jónsdóttir*

## Rekstrarreikningur 2024

|                                   | Skýr. | 2024                | 2023              |
|-----------------------------------|-------|---------------------|-------------------|
| <b>Rekstrartekjur</b>             |       |                     |                   |
| Árgjöld aðildarféлага .....       |       | 86.600.000          | 78.526.979        |
| Aðrar tekjur .....                |       | 9.000.000           | 0                 |
|                                   |       | <u>95.600.000</u>   | <u>78.526.979</u> |
| <b>Rekstrargjöld</b>              |       |                     |                   |
| Laun og launatengd gjöld .....    | 3     | 63.912.614          | 54.561.593        |
| Aðkeypt þjónusta .....            |       | 29.207.665          | 14.151.863        |
| Annar rekstrarkostnaður .....     |       | 10.844.169          | 7.769.903         |
|                                   |       | <u>103.964.448</u>  | <u>76.483.359</u> |
| (Rekstrartap) -hagnaður .....     | (     | 8.364.448)          | 2.043.620         |
| Vaxtatekjur .....                 |       | 2.804.545           | 2.148.781         |
| Vaxtagjöld og þjónustugjöld ..... | (     | 958.201)            | ( 739.399)        |
|                                   |       | <u>1.846.344</u>    | <u>1.409.382</u>  |
| (Tap) hagnaður ársins .....       | 5     | <u>( 6.518.104)</u> | <u>3.453.002</u>  |

## Efnahagsreikningur 31. desember 2024

|                                                           | Skýr. | 31.12.2024        | 31.12.2023        |
|-----------------------------------------------------------|-------|-------------------|-------------------|
| <b>Eignir</b>                                             |       |                   |                   |
| Aðrar skammtímakröfur .....                               |       | 0                 | 990.000           |
| Útistandandi aðildargjöld .....                           |       | 2.418.618         | 0                 |
| Handbært fé .....                                         |       | 53.273.288        | 47.821.701        |
| Veltufjármunir samtals                                    |       | <u>55.691.906</u> | <u>48.811.701</u> |
| <b>Eignir samtals</b>                                     |       | <u>55.691.906</u> | <u>48.811.701</u> |
| <b>Eigið fé</b>                                           |       |                   |                   |
| Óráðstafað eigið fé .....                                 |       | 17.395.062        | 23.913.166        |
| Eigið fé 5                                                |       | <u>17.395.062</u> | <u>23.913.166</u> |
| <b>Skammtímaskuldir</b>                                   |       |                   |                   |
| Inneign aðildarféлага vegna persónuverndarverkefnis ..... | 4     | 14.761.754        | 14.047.796        |
| Fyrirframinnheimtar tekjur .....                          |       | 9.000.000         | 0                 |
| Aðrar skammtímaskuldir .....                              |       | 14.535.090        | 10.850.739        |
| Skammtímaskuldir samtals                                  |       | <u>38.296.844</u> | <u>24.898.535</u> |
| <b>Eigið fé og skuldir samtals</b>                        |       | <u>55.691.906</u> | <u>48.811.701</u> |

## Sjóðstreymisýfirlit 2024

|                                                    | Skýr. | 2024         | 2023       |
|----------------------------------------------------|-------|--------------|------------|
| <b>Rekstrarhreyfingar</b>                          |       |              |            |
| (Tap) hagnaður samkvæmt rekstrarreikningi .....    | 5     | ( 6.518.104) | 3.453.002  |
| Veltufé frá rekstri                                |       | ( 6.518.104) | 3.453.002  |
| <b>Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda:</b> |       |              |            |
| Skammtímakröfur, breyting .....                    |       | ( 1.428.618) | 0          |
| Skammtímaskuldir, breyting .....                   |       | 13.398.309   | 292.712    |
| Breyting rekstrartengdra eigna og skulda           |       | 11.969.691   | 292.712    |
| Handbært fé frá rekstri                            |       | 5.451.587    | 3.745.714  |
| <b>Hækkun á handbæru fé .....</b>                  |       | 5.451.587    | 3.745.714  |
| <b>Handbært fé í ársbyrjun .....</b>               |       | 47.821.701   | 44.075.987 |
| <b>Handbært fé í árslok .....</b>                  |       | 53.273.288   | 47.821.701 |

## Skýringar

### 1. Reikningsskilaðferðir

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Hann byggir á kostnaðarverðisreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaðferðum og árið áður.

### 2. Innlaun tekna

Tekjur af veittri þjónustu eru færðar í rekstrarreikning þegar þjónustan hefur verið innt af hendi. Tekjur eru ekki færðar ef veruleg óvissa er um innheimtu þeirra.

### 3. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

|                                                         | 2024              | 2023              |
|---------------------------------------------------------|-------------------|-------------------|
| Laun .....                                              | 65.819.638        | 58.539.808        |
| Endurrúkuð laun persónuverndarfulltrúa .....            | ( 16.552.777)     | ( 16.461.179)     |
| Launatengd gjöld .....                                  | 14.645.753        | 12.482.964        |
|                                                         | <u>63.912.614</u> | <u>54.561.593</u> |
| Meðalfjöldi starfsmanna umreiknuð í heilsársstörf ..... | 4                 | 4                 |

### 4. Persónuverndarverkefni

Útistandandi skuldbinding vegna persónuverndarverkefnis:

|                                                  | 31.12.2024        | 31.12.2023        |
|--------------------------------------------------|-------------------|-------------------|
| Inneign frá fyrra ári .....                      | 14.047.796        | 14.876.381        |
| Greiðslur frá aðildarfélögum .....               | 19.300.000        | 17.500.000        |
| Greitt af SFV vegna persónuverndarfulltrúa ..... | ( 18.586.042)     | ( 18.328.585)     |
|                                                  | <u>14.761.754</u> | <u>14.047.796</u> |

### 5. Eigið fé

Eigið fé greinist þannig:

|                         | Eigið fé          |
|-------------------------|-------------------|
| Staða í ársbyrjun ..... | 23.913.166        |
| Tap ársins .....        | ( 6.518.104)      |
| Staða í árslok .....    | <u>17.395.062</u> |